

164

6. ágúst

7. gr.
Strax að rannsóknum loknum og áður en leiðangurinn yfirgefur landið skal rannsóknaráði afhent bráðabirgðagreinargerð um rannsóknirnar með nöfnum leiðangursmanna og tilgreiningu þeirra staða, sem heimsóttir hafa verið.

8. gr.

Þegar unnið hefur verið úr rannsóknunum, skal rannsóknaráði send fullnaðarskýrsla. Einnig skulu rannsóknaráði send tvö eintök af öllum greinum, bókum eða kortum, sem gefin eru út varðandi starfsemi leiðangursins.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sviptingu rannsóknaleyfis og fjársektum samkvæmt því, sem lög mæla fyrir um.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, og öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnuáráðuneytið, 6. ágúst 1952.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

165

21. júlí

REGLUGERÐ

um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

Skylt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 7 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun á þeim stöðum á landinu, þar sem aðstæður henta að dómi samgöngumálaráðuneytisins.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með, að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Óheimilt er að taka gjaldmæli í notkun, eftir að hann hefur verið settur í bifreiðina, fyrr en löggilding hefur farið fram á mælinum, sbr. 8. gr.

Ef skipt er um drif, breytt hjóla- eða gúmmístærð bifreiðar, skal endurskoða löggildingu mælisins.

Sköðun á gjaldmælum skal fara fram svo oft sem lögreglustjóra þykir þurfa, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Löggildingarmaður gefur vottorð að löggildingu lokinni.

3. gr.

Gjaldmælirinn skal settur þannig í bifreiðina, að farþegar sjái glögg upp hæð ökgjalds á gjaldskífu mælisins.

4. gr.

Verði þær verðsveiflur á öku gjaldi bifreiða, að erfitt sé að breyta mælinum samkvæmt því, þá skal vera verðskrá í hverri bifreið, sem sýni greinilega verðbreytinguna.

5. gr.

Heimilt er að aka án gjaldmælis:

1. Ef mælir bilar í ökuferð, enda er bifreiðastjóra einungis heimilt að ljúka ferðinni. Þó getur lögreglustjóri veitt frekari undanþágu, ef sérstaklega stendur á.

2. Ef ökuferð tekur fleiri en einn dag. 165
 3. Þegar um er að ræða akstur erlendra ferðamanna, sem ferðast á vegum stofnana í landinu, og sem þurfa að semja um fargjald áður en farþegarnir eru komnir til landsins. 21. júlí
 4. Hópfærðir gegn ákveðnu sætagjaldi.
 Við tölulið í 1, 2 og 4 skal með verðlagningu aksturs farið eftir gjaldskrá bifreiðastjórafélaganna á hverjum stað og tíma.

6. gr.

Samgöngumálaráðuneytið ákveður hverja tegund eða tegundir gjaldmæla skuli nota og hver eða hverjir skuli annast útvegum þeirra og leigu, svo og leigukjör.

7. gr.

Notkun gjaldflokka gjaldmælisins fer eftir gjaldskrá leigubifreiða á hverjum tíma. — Þegar breyting verður á gjaldskrá, skal það auglýst greinilega, svo allur almenningur eigi þess kost að fylgjast með breytingunni.

8. gr.

Samgöngumálaráðuneytið skipar löggildingarmann, einn eða fleiri, fyrir mæla og skal löggildingarmaður framkvæma mælingar á þeim og löggildingu, svo og viðgerðir, breytingar og innsíglun, gegn gjaldi, er samgöngumálaráðuneytið ákveður.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941.

Með mál út af brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

Sektir fyrir brot renna í ríkissjóð.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 32. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi 1. október 1952, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 21. júlí 1952.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

um rafveitusjóð Suður-Þingeyjarsýslu.

166

19. ágúst

1. gr.

Til þess að standa straum af héraðsframlagi til héraðsrafmagnsveitna ríkisins í Suður-Þingeyjarsýslu, og að stuðla að því á annan hátt, að fullnægt verði þörfum íbúa sýslunnar á raforku, stofnar sýslan sjóð, er nefnist „Rafveitusjóður Suður-Þingeyjarsýslu“.

2. gr.

Í rafveitusjóð skulu renna:

- a. Heimtaugagjöld samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar;
- b. hluti Suður-Þingeyjarsýslu af tekjuafgangi héraðsrafmagnsveitna ríkisins samkvæmt 30. gr. raforkulaganna;
- c. vextir af fé sjóðsins.